

Háttvirtur fundastjóri og kærur landsþingsgestir,

Það er mér mikil ánægja að fá tækifæri til að ávarpa ykkur hér í dag. Bæði er það mér kært að fjalla um menntun, tækni og framtíðina, og svo er einstaklega gefandi að fá að leggja mitt af mörkum í því mikilvæga starfi sem sveitarfélög sinna.

Það þarf fjölmargt til þess að íslensku samfélagi gangi sem best til framtíðar, en það er sameiginlegt markmið okkar allra. Það þarf verðmætasköpun sem stendur undir þeim lífsgæðum og samfélagsþjónustunni sem við krefjumst. Það þarf mannauð til að gegna þeim hlutverkum sem nauðsynleg eru til að skapa verðmæti og veita þjónustu. Það þarf umhverfi sem skapar vissu og öryggi, en býður um leið upp á tækifæri til að gera nýja hluti og skapa ný verðmæti.

Sveitarfélögin leika stórt hlutverk í framþróun íslensks samfélags, því sveitarfélög sjá um stóran hluta þeirrar þjónustu sem veitt er í nærumhverfinu, bera ábyrgð á lykilþáttum í umhverfinu og skapa sterka umgjörð um mannauðinn.

Háskólarnir leika líka stórt hlutverk, því þar menntum við mikilvægan hluta mannauðsins, nefnilega bæði sérfræðinga sem nauðsynlegir eru til að skapa verðmæti og sérfræðinga sem veita ýmsa samfélagsþjónustu. Jafnframt skapa háskólar ný tækifæri og nýja þekkingu – nokkuð sem er nauðsynlegt er til að tryggja að mannauður, verðmætasköpun, samfélagsþjónusta og umhverfi haldi í við þær breytingar sem óhjákvæmilega verða. Í Háskólanum í Reykjavík leggjum við lykiláherslu á að sinna þessum hlutverkum sem best, með það að markmiði að efla samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og fyrir samfélagið allt.

Ég ætla líka að fá að nefna það strax að ég á mér annan vettvang sem skiptir miklu máli í framtíð Íslands, en það er vettvangur nýsköpunar og frumkvöðlastarfs. Ég bjó í Kísildal í 16 ár, sem er án nokkurs vafa ein öflugasta miðstöð nýsköpunar og frumkvöðlastarfs í heiminum. Ég sá skýrt þar hversu frábær tækifæri er hægt að skapa með hugviti og hvernig lítil nýsköpunarfyrirtæki geta vaxið og breytt heiminum.

Nýsköpun og frumkvöðlastarf hafa ekki síðri jarðveg hér á Íslandi, þó að umhverfið allt sé smærra og mun skemur á veg komið. Ég hef núna búið á Íslandi í 9 ár og það er enginn vafi í mínum huga að nýsköpun hefur skilað okkur miklu og mun gera í framtíðinni. Ég þekki þetta vel gegnum það starf sem við vinnum í Háskólanum í Reykjavík, í gegnum aðkomu mína að ýmsum viðburðum og félögum sem styðja við nýsköpun og ekki síst í gegnum það að hafa tekið þátt í mótun og vexti sprotafyrirtækja.

Yfirskrift þessa landsþings á afskaplega vel við í dag, því gríðarlegar breytingar eru að verða allt í kringum okkur og hraði þessara breytinga heldur stöðugt áfram að aukast. Það er í raun okkar að velja hvort þessar breytingar séu ógnun eða tækifæri – það fer alfarið eftir því hvernig við nálgumst hlutina. En til þess að breytingarnar skapi okkur tækifæri frekar en ógnanir þá er þrennt algerlega nauðsynlegt. Í fyrsta lagi verðum við að hugsa út fyrir þann kassa sem best passar utan um okkar störf og viðfangsefni í dag, því við verðum að fara nýjar leiðir og finna nýjar lausnir til að bregðast við og nýta tækifæri. Í öðru lagi verðum við að

vinna saman, þvert á stofnanir, milli sveitarfélaga og á milli opinbera geirans og einkageirans. Síðast en ekki síst, í þriðja lagi, þá verðum við að vera ákveðin og áráðin – það að halda áfram að gera alltaf hlutina í dag á sama hátt og í gær tryggir að breytingar skapa mikla ógn, en engin tækifæri.

Ísland er alveg einstakt land, bæði í kostum sínum og göllum. Við njótum þess að hafa aðgang að verðmætum náttúruauðlindum í okkar hafi, í okkar nátturu og í okkar hreinu orku. Við erum enn fremur afskaplega fámenn – í flestum ríkjum heims þætti heildarfjöldi Íslendinga varla duga til að skilgreina litla borg – en við höldum samt úti heilu þjóðríki með öllu því sem til þarf á landsvísu, á sviði sveitarfélaga, í atvinnulífi og fyrir einstaklinga. Við eigum að byggja á þessari sérstöðu og gera hana að okkar styrkleika.

Íslendingar hafa vanist miklum lífsgæðum enda erum við ein ríkasta þjóð í heimi þegar kemur að þjóðarframleiðslu á hvern einstakling, þökk sé okkar dýrmætu náttúruauðlindum. Við höfum líka skapað okkur öfluga samfélagsþjónustu og gerum miklar kröfur til öryggis, til aðgengis að þjónustu og til frelsis til athafna í okkar samfélagi. Ekkert af þessu er sjálfgefið og það er okkar verkefni að tryggja þessi lífsgæði til framtíðar.

Undirstaða lífsgæða er verðmætasköpun og grunnur þess að geta skapað verðmæti er að hafa sterka samkeppnisstöðu alþjóðlega. Í góðri skýrslu McKinsey frá árinu 2012 er gefin ein sú gleggsta mynd sem til er af íslenskum efnahag og þeim tækifærum sem við höfum til að tryggja lífsgæði til framtíðar. Í þeirri skýrslu koma fram margir mjög áhugaverðir þættir, en ég vil nefna þá sem mikilvægastir eru í þessu samhengi.

Til þess að standa undir þeim lífsgæðum sem við eigum að venjast og til að standa undir þeim skuldbindingum sem við höfum tekið á okkur, þá þarf að auka verðmætasköpun á Íslandi verulega næstu ár og áratugi. Sér í lagi þarf að auka sköpun verðmæta sem flytja má út, beint eða óbeint. Þetta verður ekki bara gert með því að auka sókn í náttúruauðlindir því undirstaða okkar framtíðar er að þær séu nýttar á sjálfbæran hátt og ekki gengið á tækifæri komandi kynslóða. Staðreyndin er að það þarf að auka verðmætasköpun langt umfram það sem aukin sókn í náttúruauðlindir getur skilað á sjálfbæran hátt.

Til þess að geta gert það, þá er nauðsynlegt að nýta hugvitið til að skapa meiri verðmæti úr þeim auðlindum sem við höfum og til að skapa nýjar leiðir til verðmætasköpunar sem ekki byggja á sókn í náttúruauðlindir. En það gerist þá og því aðeins að menntun okkar sé góð og að gott umhverfi sé til staðar. Og vegna þess hversu fámenn við erum, þá verðum við líka að nýta okkar mannauð sem best og ná sem allra mestri framleiðni sem hægt er fyrir hverja vinnustund sem við innum af hendi.

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki í því að gera Íslandi mögulegt að búa til það umhverfi sem þarf til að skapa þau verðmæti og það samfélagsmynstur sem við viljum hafa. Menntun er undirstaða alls þessa og menntun verður aldrei betri en sá grunnur sem hún byggir á. Sveitarfélög eru ábyrg fyrir grunnskólamenntun og þar er einmitt lagður grunnurinn að því að einstaklingur geti lagt sitt að mörkum til þátttöku í samfélaginu, í verðmætasköpun og

öllu öðru sem til þarf. Þetta er mikil ábyrgð og þar liggja mikil tækifæri fyrir sveitarfélög til að leggja sitt af mörkum.

Sveitarfélögin sinna fjölda annarra hlutverka sem einnig leggja grunninn að því samfélagi sem við viljum hafa. Félagsþjónusta og gott nærumhverfi eru lífsnauðsynlegir þættir sem styðja við mannauðinn okkar, frá vöggju til grafar. Skipulag og innviðir eru beinagrindin og lífæðarnar sem skipta öllu máli til að bjóða upp á gott umhverfi fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Háskólamenntun gegnir líka lykilhlutverki í því að gera okkur kleift að nýta hugvitið sem best til að skapa aukin og meiri verðmæti, til að standa undir okkar kröfum um lífsgæði. Góð menntun skapar samkeppnisforskot fyrir einstaklinginn, fjölgar tækifærunum sem hann hefur og eykur verulega sveigjanleika hans. Góð menntun bætir samkeppnishæfni Íslands og styrkir verulega getu okkar til að nýta tækifæri til að skapa verðmæti. Góð menntun er líka undirstaða þeirrar nærþjónustu og umhverfis sem við viljum hafa. Þetta eru auðvitað engin ný sannindi og þetta vita allar okkar samkeppnisþjóðir enda hafa þær lagt í miklar fjárfestingar til að efla háskólamenntun og þannig styrkt verulega sína stöðu. Í Svíþjóð hefur framlag til hvers nemanda í háskóla verið aukið um tugi prósentu í síðustu árum og það hefur meðal annars skilað sér í því að mörg af verðmætustu nýju tæknifyrirtækjum heimsins koma nú þaðan.

Það er hins vegar ekki sama hvernig að menntun er staðið og góð háskólamenntun snýst ekki um prófgráðu eða skírteini. Góð háskólamenntun snýst um að skapa nemendum alvöru samkeppnisforskot með þekkingu og færni sem nýtist þeim vel í atvinnulífi og samfélagi. Ein leið til að meta gæði menntunar er hversu eftirsóttir útskrifaðir nemendur eru og þar stendur HR að minnsta kosti mjög vel því 80-90% þeirra útskriftarnema HR sem ætla á vinnumarkað að loknu námi hafa þegar fengið vinnu fyrir útskrift. Þessi niðurstaða er í samræmi við það markmið okkar er að skapa okkar nemendum samkeppnisforskot á vinnumarkaði en um leið leggjum við áherslu á að þeir geti líka nýtt sína þekkingu til að skapa ný fyrirtæki og þar með ný tækifæri og ný störf fyrir sig og aðra.

Miklar breytingar eiga sér stað um þessar mundir og hraði þessara breytinga mun aukast enn frekar á næstu árum og áratugum. Ef við horfum á stóru myndina, þá eru hreint ótrúlegir hlutir að gerast í heiminum í dag:

- Umgjörð efnahags heimsins er að gerbreystast - nýja millistéttin í Kína er 10 sinnum stærri en íbúafjöldi Norðurlandanna.
- Verðmætasköpun er að færast úr hrávöru í hugvit – verðmætustu fyrirtæki heimsins eru ekki lengur olíurisar eins og Exxon heldur hugvitsfyrirtæki eins og Google og Apple.
- Aukinn hreyfanleiki fólks, fjármagns og fyrirtækja getur gerbreytt aðstöðu svæða á örskömmum tíma, bæði til hins betra og til hins verra.
- Samskipta- og flutningstækni hefur snúið á hvolf allri verslun í heiminum – það þykir sjálfsagt á Íslandi í dag að versla á Amazon og AliExpress, alveg eins og í Hagkaup eða kaupfélaginu.
- Sjálfvirkni og gervigreind eru að gerbreyta vinnumarkaðnum – ýmsir segja að helmingur starfa í vestrænum ríkjum muni hverfa á næstu 15-20 árum.

- Tækniframfarir eru að gerbreyta okkar daglega lífi og störfum – bara sem dæmi, að þá eru þrívíddarprentarar að gera það mögulegt að prenta hluti frekar en að flytja inn og að skapa nýja hluti sem hvergi er hægt að kaupa.

En við þurfum ekki einu sinni að horfa á stóra hluti eins og efnahag og tækniframfarir í heiminum til að sjá hversu hraðar breytingarnar geta verið. Á örfáum árum hefur fjöldi þeirra sem ferðast til Íslands margfaldast og stefnir nú í að 2 milljónir ferðamanna komi á næsta ári til landsins. Fyrir 10 árum voru þeir 370 þúsund og innan við 500 þúsund fyrir 5 árum síðan.

Loks getum við litið okkur enn nær – sér í lagi þau okkar sem eiga börn eða vini meðal yngri kynslóða. Samskiptamáti, nálgun á lærdóm, öflun upplýsinga, ákvarðanataka og margt fleira er að gerbreytast með tækni eins og snjallsímum.

Það er engin spurning að heimurinn er að breytast hratt. Eina spurning er – hvernig bregðumst við við því?

Ég nefndi hér áður að það væri þrennt sem þyrfti til að nýta breytingarnar til að skapa tækifæri fremur en ógnanir. Það væri að hugsa út fyrir kassann, taka ákvarðanir og vinna saman. Ef við gerum það, þá eru okkur allir vegir færir.

Það er oft erfitt, en við verðum að hugsa út fyrir kassann og hætta að takmarka okkur við að gera hlutina eins og áður. Það að segja “en þetta hefur alltaf verið gert svona” er vafalaust lélegasta röksemdafærsla sem hægt er að finna. Ef allir hefðu alltaf notað það svar, þá væri mannkynið líklegast ennþá að hýrast inni í dimmum og köldum helli að borða súr ber og hrátt kjöt.

Það eru mýmörg dæmi um viðfangsefni þar sem vel er hægt að gera hlutina öðru vísi en þeir eru gerðir núna. Hefðbundið kennsluform er arfleifð frá því þegar aðeins var til eitt eintak af hverri kennslubók og miðla þyrfti upplýsingum munnlega til nemenda – í dag eru til ógrynni annarra leiða til að styðja við nám og lærdóm – auk þess sem við eigum fleiri en eina kennslubók... Hefðbundin umgjörð og skipulag þjónustu byggir stundum á ákvörðunum sem teknar voru þegar samskipti voru miklu mun erfiðari og hægvirvari en þau eru í dag – við sjáum góð dæmi um verkaskiptingu þjónustu milli sveitarfélaga í dag, en það er hægt að gera margt margt fleira. Hefðbundið umræða um sköpun starfa byggir svo á frekar gömlum hugmyndum, en það er hægt að nýta skapandi umhverfi, nýja tækni og nýjar samskiptaleiðir til að skapa ný tækifæri til starfa sem eru gjörólík því sem áður hefur þekkt. Svona mætti lengi telja.

En mig langar að nefna tvennt sérstaklega í þennan hóp:

- Sveitarfélögin geta verið leiðandi í að efla menntun á öllum stigum, bæði þau sjálf á þeim skólastigum sem þau bera ábyrgð á, og í samstarfi við aðra aðila sem sinna örðum skólastigum. Erlendis er að verða bylting í því hvernig nám fer fram á öllum

skólastigum með nýrri tækni, samskiptum, samnýtingu kennara, samnýtingu efnis og mörgu fleiru.

- Sveitarfélögin verða svo að vera leiðandi í að skapa umhverfi fyrir frumkvöðlastarf og nýsköpun. Í því felst ekki endilega að fjárfesta í dýru húsnæði eða í tækjum, heldur fyrst og fremst í því að skapa andrúmsloft þar sem stutt er við nýjar hugmyndir og ný sprotafyrirtæki. Það er svo leikur einn í nútímasamfélagi að tengja það umhverfi stærra neti og þannig efla það til muna. Í ferðum mínum tengdum nýsköpun erlendis hef ég séð ótrúlega hluti gerast þegar sveitarfélög hafa ákveðið að styðja við það að ný fyrirtæki og tækifæri verði til. Þetta á ekki síst við þau sveitarfélög sem lent hafa í kreppu og átt undir högg að sækja.

Háskólarnir eru svo alls ekkert undanskildir þessum sömu kröfum um að aðlagast breytingum í umhverfinu, taka röskar ákvarðanir, hugsa út fyrir kassann og tengjast umhverfinu. Ég ætla hins vegar ekki að taka allan þann tíma sem ég gjarnan vildi nýta í að tala um það mikilvæga viðfangsefni. Ég læt það duga að segja að það er lykilþáttur í starfi okkar í HR, að vera í öfluggu samstarfi við atvinnulíf og samfélag, svo hægt sé að bregðast við þörfum eins hratt og hægt er. Og vonandi auðnast okkur að taka sem oftast réttar ákvarðanir hratt og vel. En við þurfum alltaf að vera á varðbergi og stöðugt horfa til þess hvað sé hægt að gera betur til að sinna okkar hlutverki fyrir atvinnulíf og samfélag.

Til að hnýta þetta allt saman langar mig að nefna dæmi um hvað hægt er að gera til að styrkja samkeppnisstöðu okkar og þar með lífsgæði til framtíðar. Ég vil þar snerta á öllum þremur þáttum – að hugsa út fyrir kassann, að taka röskar ákvarðanir og vinna saman.

Sjávarútvegur er ein af undirstöðugreinum íslensks efnahagslífs, en hann er líka grein sem hefur breyst mikið á undanförunum árum og áratugum – færst frá því að vera fyrst og fremst hrávöruframleiðsla yfir í það að vera iðnaður sem skapar verðmæti með því að nýta aðföng og hugvit sem allra best. Þetta kemur kannski sterkast fram í því að á meðan þorskaflí hefur minnkað um helming, hefur virði hans tvöfaldast. Þetta byggist á nýsköpun í veiðum, vinnslu, flutningi, markaðssetningu, sölu og fleiru. Þrátt fyrir þetta hefur aðsókn yngri kynslóðarinnar í þennan geira verið nær engin og mikil þörf á að breyta því.

Fyrir frumkvæði Vestmannaeyjabæjar, þá varð til sú hugmynd að skapa nám í haftengdri nýsköpun. Leitað var til okkar með samstarf enda er Háskólinn í Reykjavík háskóli atvinnulífsins og um leið sterkastur í tækni og viðskiptum hér á landi. HR stendur líka fremst í kennslu á nýsköpun og frumkvöðlahugsun. En HR hefur ekki djúpa sérfræðipækkingu í sjávarútvegsgreinum. Til að leysa það, þá var leitað til Háskólans á Akureyri en þar er til staðar mikil þekking og reynsla á því sviði. Enn fremur var leitað til atvinnulífsins og stofnana, svo sem fiskvinnslufyrirtækja og Matís. Þrjú ráðuneyti lögðu svo sitt að mörkum til verkefnisins. Og þrátt fyrir að allur þessi fjöldi aðila kæmi að málinu, þá var vinnu hrundið af stað með snaggaralegum ákvörðunum á ótrúlega stuttum tíma. Undirbúningurinn var svo kláraður hratt hratt og vel og námið fer af stað í Vestmannaeyjum núna í haust.

Þarna er dæmi um hvernig sé hægt að bregðast við breytingum og nýjum störfum, með djörfum ákvörðunum, með nýjum og óvenjulegum lausnum, og síðast en ekki síst með breiðri og góðri samvinnu.

Það eru mörg fleiri dæmi um svona nálganir. Tölvunarfræðinám HR er nú í boði við Háskólann á Akureyri, í góðu samstarfi háskólanna tveggja, og með aðkomu atvinnulífsins í Eyjafirði. Það er rík og vaxandi þörf fyrir upplýsingatæknimenntun fyrir norðan. HR býður upp á mjög sterkt og gott nám í þessu fagi, en hefur ekki lagt áherslu á fjarnám, enda verkefnavinna og hópavinna lykilþættir í aðferðafræði okkar. Nýstárleg lausn var fundin á þessu með ráðningu kennara við HA og tengingu gegnum samskipti og ferðalög við kennara HR, þannig að í dag er í raun boðið upp á staðarnám í tölvunarfræði við HA. Og það var strax ákveðið að ráðast í þetta svo bjóða mætti upp á námið frá og með síðasta hausti og það tókst vel.

Svo má að sjálfsögðu nefna að þrjár stærstu rannsóknastofnanir landsins, HÍ, Landspítalinn og HR hafa ásamt Reykjavíkurborg lagt af stað í samstarfsverkefni til að byggja upp þekkingarþorp í Vatnsmýrinni.

Svona eigum við að hugsa og vinna þetta – verum djörf, finnum nýjar leiðir og vinnum saman. Og munum að horfa út fyrir okkar stofnun og okkar hagsmuni -- horfum alltaf á heildarhagsmuni Íslands.

Háskólinn í Reykjavík sem og aðrir háskólar landsins eru boðnir og búnir til samstarfs við ykkur og alla aðra hagaðila til að skapa Íslandi sem sterkasta stöðu í umróti nútímans. Nýtum breytingarnar til að skapa okkar tækifæri, verðmæti og lífsgæði til framtíðar.

Takk fyrir!